



## Fundargerð stjórnar

### 2. fundur

Priðjudaginn 17. janúar 2006 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins á Kaffi Krók á Sauðárkróki. kl 16.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson. Auk þess mættu á fundinn: Ómar Bjarki Smárason, Ómar Kjartansson, Vilhelm Harðarson og Ágúst Andrésón

Stjórnarformaður, Bjarni Maronsson setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Viðhorf hagsmunaaðila til verkefnisins og ábendingar um lausnir.

- Ágúst Andrésón kynnti hugmyndir um eyðingu úrgangs frá sláturhúsi KS og fleiri aðila sem hafa verið að skoða möguleika á að kaupa búnað til jarðgerðar frá Finnlandi. Hann greindi m.a. frá því að málið væri unnið í samstarfi við samtök iðnaðarins og það væri litið á málið sem nýjung í eyðingu úrgangs og reiknað sé með talsverðum stuðningi við málið af hálfu hins opinberra.
- Ómar Kjartansson greindi frá því að hann hafi hug á að fara út í flokkun og setja upp flokkunarstöð og umhleðslustöð á sorpi. Hann taldi nauðsynlegt að hafa helst alla flokka úrgangs undir í málinu. Ómar greindi frá þeim búnaði sem hann hefur útvegað eða hyggist koma sér upp til að annast þjónustuna.
- Vilhelm greindi frá því að í hans fyrirtæki væri ekki beinlínis með neinar slíkar hugmyndir uppi sem hann treysti sér til að kynna. Hann hafi hins vegar mikinn áhuga fyrir samstarfi um sorpeyðinguna innan svæðisins. Mikil umræða varð um lausnir í sorpeyðingu og hvert verði hlutverk byggðasamlagsins við þær lausnir.

### 2. Staða verkefnisins og næstu skref.

Ómar Bjarki Smárason gerði grein fyrir stöðu verkefnisins. Fram kom að matsáætlun hefur verið samþykkt og fyrir liggur að leggja málið í umhverfismat. Til að hægt sé að leggja fram tillögu að umhverfismati þarf að skilgreina hvaða staðir koma til greina til urðunar. Stjórnin var sammála um að brennsla væri ekki valkostur í stöðunni og því væri ekki ástæða til að fara með sorpbrennslustöð í gegnum umhverfismat. Niðurstaða í staðarvali fyrir hugsanlega urðunarstaði var eftirfarandi:

Brimnes í Skagafirði

Bakkakot og Blöndubakki á Refasveit

Einnig var ákveðið að láta getið urðunarstaðar Höfðahrepps í landi Neðri Harrastaða með það í huga að mögulegt sé að brúa ákveðið tímabil á meðan nýr urðunarstaður verði útbúinn. Ómar Bjarki tók að sér að kanna hvort jarðgerð úr sláturúrgangi sé matsskyld starfsemi og skilgreina það inn í skýrsluna eftir því sem við á. Ákveðið að stefna að því að drög að matsskýrslu verði tilbúinn 15. febrúara nk.



**Norðurá bs**

**Byggðasamlag um sorpeyðingu  
á Norðurlandi vestra.**

---

### **3. Erindi Umhverfisstofnunar.**

Fyrir fundinum lá bréf UST þar sem bent er á skyldur sveitarfélaga til að gera svæðisáætlun til 12 ára um meðhöndlun úrgangs. Í bréfinu er ítrekað að frestur til að gera slíka áætlun hafi verið til 1. apríl 2005.

Stjórnin samþykkti að óska fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna eftir frestun á að skila umræddri áætlun á þeirri forsendu að nýstofnað sorpsamlag sé að skipuleggja lausnir í meðhöndlun úrgangs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 19.00

Bjarni Maronsson (sign)

Gunnar Bragi Sveinsson (sign)

Magnús B. Jónsson (sign)

---

**Norðurá bs.**

Skagfirðingabraut 17-21  
550 Sauðárkrókur